

Verðtilfærslusjóður SAM 2014

Samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólalett mjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstaryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2014 og 2013:

	2014	%	2013	%
Inngreiðslur:				
Innheimt verðtilfærsla	285.952.321	100,0	283.782.549	100,0
Samtals til ráðstöfunar	307.722.334	100,0	305.749.179	100,0
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	97.632.912	33,2	95.316.211	42,2
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	160.557.031	54,6	155.809.596	48,8
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	31.489.596	10,7	28.596.621	7,5
Annað	4.289.284	1,5	4.256.738	1,5
Samtals ráðstafað	293.968.823	100,0	283.979.166	100,0
Ráðstafað umfram innheimtur	8.016.502	2,8	196.617	0,1
Afgangur fært til næsta árs	13.753.511	4,8	21.770.013	7,7

Velta verðtilfærslusjóðs SAM hækkaði nokkuð frá árinu 2013 til ársins 2014 vegna meiri sölu á vörum sem greiða til sjóðsins. Útgjöld sjóðsins voru rúmum átta milljónum króna hærri en tekjur hans. Inneign sjóðsins hjá SAM í lok árs 2014 var 13,7 milljónir króna.